

## Fréttatilkynning

Miðvikudagur 21. september 2011

### Hermann Björnsson ráðinn forstjóri Sjóvár



Hermann Björnsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, hefur verið ráðinn forstjóri Sjóvár.

Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Að loknu námi hóf hann störf hjá lögfræðideild Íslandsbanka og starfaði þar til 1994 er hann tók við starfi forstöðumanns rekstrardeilda Íslandsbanka. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess sviðs.

Hann hóf stjörf hjá Kaupþingi sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs árið 2006 og hefur verið framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka frá árinu 2009.

Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann hefur m.a. setið í stjórnum Fjölgreiðslumiðlunar, Kreditkorta, Lifeyrissjóðs bankamanna og líftryggingarfélagsins Okkar lífs.

Hermann er 48 ára og kvæntur Eiríku Guðrúnú Ásgrímsdóttur, starfsmannastjóra hjá Vinnumálstofnun.

Hermann Björnsson: „Ég er mjög spenntur fyrir bessu nýja starfi. Sjóvá á sér langa sögu í okkar samfélagi, sögu sem byggir á traustum grunni, góðum viðskiptasamböndum og reynslumiklu starfsfólki. Verkefnið verður að efla félagið enn frekar til framtíðar.“

*Frekari upplýsingar gefur Hermann Björnsson í síma 856 6717.*

